

Kalka sorpeyðingarstöð sf.  
Steinþór Þórðarson / Ingþór Karlsson  
Berghólabraut 7  
230 Reykjaneshús

Reykjavík 13. febrúar 2020  
UST201901-191/gf  
08.14.02

### Varðar samþykkt á vöktunaráætlun Kölku 2017 – 2032

Umhverfisstofnun barst 13. desember sl. tölvupóstur frá forráðarmönnum Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. með vöktunaráætlun sorpbrennslunnar fyrir árin 2017 – 2032, og var óskað samþykktar á áætluninni.

Í grein 5.2 í starfsleyfi rekstraraðila sem er frá 21. september 2016 segir: „Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfispætti í samræmi við umfang losunar rekstraraðila í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir“.

Tillagan var auglýst á tímabilinu 20. desember 2019 til 20. janúar 2020 og skila skildi athugasemdum til Umhverfisstofnunar. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar hafa lesið og yfirfarið meðfylgjandi vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun samþykkir vöktunaráætlunina.

Vöktunarskýrslu skal skila til stofnunarinnar á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,

  
Gottskálk Friðgeirsson

  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis